

# KOSNINGAR UM SAMEININGU LANGANESBYGGÐAR OG SVALBARÐSHREPPS

## ÁLIT SAMSTARFSNEFNDAR

- Það er álit Samstarfsnefndarinnar að sameining sveitarfélaganna sé rökrétt skref í kjölfar farsæls samstarfs um öll meginverkefni sveitarfélaga undanfarin ár.
- Á samráðsfundum með íbúum síðastliðið haust lýsti hluti íbúa áhyggjum sínum af meðferð jarða og fjallskila í sameinuðu sveitarfélagi. Nefndin hefur leitað lausna til að koma til móts við þær áhyggjur og leggur þær fram fyrir íbúa.
- Sameiningu sveitarfélaganna fylgja áskoranir sem nefndin telur að hægt sé að mæta með útfærslu stjórnskipulags þar sem íbúar fái góð tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku, m.a. í gegnum nefndastarf, hverfisráð og dreifbýlisráð.
- Að mati nefndarinnar mun sameining sveitarfélaganna hafa í för með sér aukna fjárfestingagetu og stuðla að hraðari uppbyggingu í sveitarfélagini. Sameinað sveitarfélag muni hafa sterkari rödd við að koma hagsmunum íbúa og atvinnulífs á framfæri við stjórnvöld. Öflugt sveitarfélag með einfalda og skilvirkja stjórnsýslu hefur tækifæri til að bæta búsetuskilyrði og veita góða þjónustu til framtíðar.
- Samstarfsnefndin hvetur íbúa til að kynna sér framlögð gögn um kosti og galla sameiningar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps og hvetur íbúa til þátttöku í kosningunum 26. mars nk.

26. MARS 2022